

156. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Hofi, fundarherbergi á 3. hæð í Stjórnsýsluhúsi, 22. maí 2020 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Árni Ólafsson arkitekt kynnir vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Árni Ólafsson arkitekt fór yfir tímaáætlun verksins. Í framhaldinu var farið yfir drög að greinargerð og uppdrætti. Stefnt er að því að endurskoðun aðalskipulags Akraneskaupstaðar verði lokið í lok árs 2020.

2. 1903262 - Þjóðvegur 3 - samningur um lóð

Drög að samningi.

Lögð fram drög að samningi við Festi vegna lóðar við þjóðveg 3 undir rekstur eldsneytisafgreiðslu, verslunar- og þjónustu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fyrirbyggjandi drög að samningi verði samþykkt.

3. 2004042 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 4

Deiliskipulagsbreytingin sem felur í sér að færa bindandi byggingarlínu fjær götu eða um 1.3 m og færa bílastæði. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Baugalund 2, 6 og Blómalund 1 og 3. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 2003175 - Jörundarholt 224 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Grenndarkynnt var byggingarleyfi vegna viðbyggingar við húsið á Jörundarholti 224. Grenndarkynnt var skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir eigendum að Garðavelli 1, Jörundarholti 222 og 226. Engar athugasemdir bárus.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að heimila stækkun íbúðarhússins, í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15.